FÉLA2BS05

STJÓRNMÁLAFRÆÐI

**Hæfniþrep:**
Áfanginn er á öðru þrepi.

**Undanfari:**
FÉLA2AA05 – Félagsfræði 1

**Áfangalýsing:**
Í áfanganum er stjórnmálafræðin kynnt sem fræðigrein, samhliða því sem málefni líðandi stundar eru skoðuð og sett í samhengi við fræðin. Fjallað er sérstaklega um íslensk stjórnmál og stjórnmálaflokka. Lögð er áhersla á að nemendur öðlist skilning á helstu hugtökum stjórnmálafræðinnar og læri að greina helstu hugmyndastrauma stjórnmálanna. Helstu stefnur verða kynntar og greindar út frá vinstri-hægri kvarða og lagt mat á þær út frá afstöðu þeirra til breytinga og gilda. Stefnt er að því að nemendur geti lagt gagnrýnið mat á átök í stjórnmálum og geti jafnframt rökstutt slíkt mat.

**Námsmat:**
Námsmat er í formi prófa og verkefnavinnu.